

Ráðning verkefnastjóra til að vinna að uppbyggingu símenntunar á miðsvæði Sóknaráætlunar Suðurlands



Lokaskýrsla desember 2013

Sóknaráætlun Suðurlands - Uppbygging símenntunar á miðsvæðinu

Miðsvæði Sóknaráætlunar Suðurlands nær frá Markarfljóti til Örefa. Það svæði hefur búið við lakari tækifæri en önnur svæði Suðurlands til sí – og endurmenntunar. Af þeim sökum var uppbygging símenntunar á miðsvæðinu eitt þeirra verkefna Sóknaráætlunar Suðurlands, sem stjórn SASS, samráðsvettvangur og framkvæmdaráð Sóknaráætlunar Suðurlands ákváðu að unnið skyldi að. Um þríþætt verkefni er að ræða sem felur í sér þrjár aðgerðir til þess að ná markmiðum verkefnisins. Meginmarkmiðið er að bæta aðbúnað, aðstöðu, þekkingu, innviði og byggja upp mennta – og fræðastarf á miðsvæðinu og stuðla þannig að hærra menntunarstigi á svæðinu, eins og segir í Sóknaráætlun Suðurlands.

Lagðar eru til þrjár aðgerðir til þess að stuðla að uppbyggingu símenntunar á miðsvæðinu:

- Ráðning starfsmanns á Klaustri og í Vík til að sinna símenntun á miðsvæðinu.
- Niðurgreiðsla námskeiða á miðsvæðinu.
- Námskeið um notkun og kennslu í fjarfundarbúnaði.

Þótt þessar þrjár aðgerðir myndi eina ákveðna heild og tengist innbyrðis þá snýst þessi skýrsla að meginhluta um fyrstu aðgerðina, þ.e. ráðningu starfsmanns til að sinna símenntun á svæðinu, aðgerð 2.1 í Sóknaráætlun Suðurlands.

Samkomulag SASS og Fræðslunets – símenntunar á Suðurlandi

Á grundvelli aðgerðar 2.1 í Sóknaráætlun Suðurlands undirrituðu SASS og FnS samkomulag um styrk frá Sóknaráætlun Suðurlands til FnS til þess að vinna að uppbyggingu símenntunar á miðsvæðinu. Í 3. gr. samkomulagsins kemur fram stutt lýsing verkefnisins: „Ráðning starfsmanns í fullt starf með aðsetur í Vík til að sinna símenntun á miðsvæði Suðurlands, svæðinu á milli Markarfljóts í vestri að Suðursveit í austri. Viðkomandi er starfsmaður Fræðslunets Suðurlands en verkefnið er samstarfsverkefni FnS og Háskólafélags Suðurlands, HfSu“.

Markmið samningsins koma einnig fram 3. gr. samningsins. Þau eru:

- Hækka menntunarstig á Suðurlandi.
- Fjölga þátttakendum af miðsvæðinu á námskeiðum sem í boði verða.
- Fjölga námskeiðum á vegum Fræðslunets Suðurlands og Háskólafélags Suðurlands á miðsvæðinu.
- Fjölga námskeiðum í fjarfundi í landshlutanum.

Í 3. gr. samningsins koma einnig fram þeir mælikvarðar sem notaðir verða til að meta árangurinn af samningnum. Þeir eru:

- Menntunarstig á Suðurlandi.
- Fjöldi þátttakenda af miðsvæðinu á námskeiðum sem í boði verða.
- Fjöldi námskeiða sem í boði verða á vegum Fræðslunets Suðurlands og Háskólafélags Suðurlands á miðsvæðinu.
- Fjöldi námskeiða sem í boði verða í fjarfundi í landshlutanum.

Markmið verkefnis	Árangursmat / mælikvarðar
Hækka menntunarstig á Suðurlandi.	Menntunarstig á Suðurlandi.
Fjölga þátttakendum af miðsvæðinu á námskeiðum sem í boði verða.	Fjöldi þátttakenda af miðsvæðinu á námskeiðum sem í boði verða.
Fjölga námskeiðum á vegum Fræðslunets Suðurlands og Háskólafélags Suðurlands á miðsvæðinu.	Fjöldi námskeiða sem í boði verða á vegum Fræðslunets Suðurlands og Háskólafélags á miðsvæðinu.
Fjölga námskeiðum í fjarfundi í landshlutanum.	Fjöldi námskeiða sem í boði verða í fjarfundi í landshlutanum.

Staðan í september – áfangaskýrsla

Í samræmi við skilmála samnings FnS og SASS þá skilaði FnS áfangaskýrslu í byrjun október um stöðu verkefnisins í september. Í fylgiskjali með samningi SASS og FnS var að finna áætlaða stöðu verkefnisins í september 2013. Sú staða var forsenda annarrar greiðslu vegna verkefnisins. Í áfangaskýrslu FnS frá 3.10.2013 var greint frá stöðu verkefnisins í september. Þar var eftirfarandi tafla, þar sem staða verkefnisins í september er borin saman við áætlaða stöðu verkefnisins í september skv. fylgiskjali með samningi SASS og FnS:

Áætluð staða verkefnisins í september – forsenda annarrar greiðslu	Staða verkefnisins 1. október 2013
1) Ráðningu starfsmanna lokið .	Ráðningu starfsmanna er lokið.
2) Námskeiðaáætlun fyrir haust 2013 liggur fyrir.	Drög að námskeiðaáætlun liggja fyrir en eru í áframhaldandi vinnslu. Drögin fylgja með skýrslunni sem viðhengi.
3) Áætlun um námskeiðahald um notkun og kennslu í fjarfundabúnaði liggur fyrir og námskeiðahald farið af stað.	Áætlun um námskeiðahald um notkun og kennslu í fjarfundabúnaði liggur ekki fyrir og slíkt námskeiðahald er því ekki farið af stað. Ýmis konar námskeiðahald af öðru tagi er farið af stað.

Lokaafurð – forsenda lokagreiðslu

Í áðurnefndu fylgiskjali með samningi SASS og FnS kemur einnig fram hver lokaafurð verkefnisins skuli vera sem er forsenda lokagreiðslu vegna þess:

- Starfsemi framhaldsfræðu skal vera til staðar í Vík og á Klaustri.
- Námskeið skulu hafa verið niðurgreidd á miðsvæðinu.
- Námskeið um notkun og kennslu í fjarfundarbúnaði skulu hafa verið haldin.

Áður en lengra er haldið er rétt að minna á það sem fram kom í áfangaskýrslu verkefnisins varðandi tímamörk. Þar kom fram að upphafleg aðgerðaáætlun gerði ráð fyrir því að starfsmaður eða starfsmenn FnS og HfSu hæfu störf 1. apríl 2013. Það gekk ekki upp og hóf starfsmaður ekki störf fyrr en 1. júní 2013. Ástæðan var sú að formleg afgreiðsla dróst. Verkefnastjórinn hóf því undirbúning verkefna tveimur mánuðum seinna en aðgerðaáætlunin gerði ráð fyrir. Skoða verður allar niðurstöður verkefnisins í þessu ljósi.

Starfsemi framhaldsfræðslu í Vík og á Klaustri

Frá því starfsmaður FnS og HfSu tók til starfa þann 1. júní 2013 hefur stór hluti vinnutíma hans verið tileinkaður undirbúningi opnunar náms – og kennsluvera í Vík og á Klaustri. Þegar áfangaskýrslu var skilað 3.10.2013 var hvorki búið að opna náms – og kennsluver í Vík né á Klaustri. Náms – og kennsluver í Kötlusetri í Vík var opnað með formlegri athöfn þann 7. október sl. en aðstaðan í

Kirkjubæjarstofu á Klaustri var opnuð þann 1. nóvember sl. Leigusamningar hafa verið gerðir við Kötlusetur og Kirkjubæjarstofu um námsverin.

Undirbúningur þessara framkvæmda setti mikinn svip á starf verkefnastjóra á miðsvæðinu og það er ánægjulegt að sjá að þessi aðstaða er orðin að veruleika og muni nýtast fjarnemum í sinni heimabyggð og til framhaldsfræðslu á miðsvæðinu. Í áfangaskýrslu, dags. 3.10.2013, kom m.a. fram að vel heppnuð uppbygging þessarar aðstöðu væri mikilvæg forsenda þess að verkefnið um uppbyggingu og eflingu símenntunar á miðsvæðinu heppnaðist vel.

Hvað varðar þennan þátt í forsendum fyrir lokagreiðslu vegna vegna verkefnisins þá er ljóst að starfsemi framhaldsfræðslu er til staðar í Vík og á Klaustri. Verkefnastjóri FnS og HfSu er með aðsetur í Kötlusetri í Vík. Auk þess hefur hann aðgang að aðstöðu í Kirkjubæjarstofu á Klaustri og er þar með reglulega viðveru. Verkefnastjóri hefur umsjón með skipulagningu framhaldsfræðslu á miðsvæðinu og nú þegar hafa verið haldin námskeið í náms- og kennsluverunum í Vík og á Klaustri, bæði í staðnámi og í gegnum fjarfundi.

Fjarkennsla hefur aukist mikið á svæðinu. Náin og góð samvinna við Kötlu Jarðvang hefur átt stóran þátt í því. Erfitt er að sjá fyrir sér að það starf hefði gengið jafn vel á miðsvæðinu og raun ber vitni án þess að starfsmaður á vegum FnS og HfSu kæmi að því. Einnig hafa verið haldin nokkur staðnámskeið í haust á miðsvæðinu, bæði á vegum FnS og SASS. Gott samstarf var við SASS um framkæmd þessara námskeiða. Öll námskeið sem og önnur nýting náms – og kennsluvera er tíunduð í fylgiskjöllum með skýrslunni.

Verkefnastjóri FnS og HfSu á miðsvæðinu hefur einnig komið að undirbúningi og skipulagningu heimsóknar náms – og starfsráðgjafa FnS á miðsvæðið í haust. Náms- og starfsráðgjafar FnS hafa heimsótt miðsvæðið tvisvar sinnum í haust. Þeir buðu fólki upp á ráðgjöf á svæðinu og heimsóttu, ásamt verkefnastjóra á miðsvæðinu, fyrirtæki og stofnanir á svæðinu til þess að kynna þeirra starf og starfsemi FnS á miðsvæðinu. Annar stór þáttur í starfi verkefnastjóra FnS og HfSu á miðsvæðinu hefur falist í samskiptum við kennara og leiðbeinendur á námskeiðum á vegum FnS, Kötlu Jarðvangs og SASS.

Verkefnastjóri hefur frá því hann hóf störf sótt ýmsa fundi starfs síns vegna. Hann hefur tekið virkan þátt í öðru verkefni Sóknaráætlunar Suðurlands, sem nefnist Efling samstarfs um mennta – og fræðastarf á Suðurlandi og sótt ýmsa fundi í tengslum við það verkefni í Vík og á Klaustri. Einnig hefur verkefnastjóri átt marga óformlega fundi með fólki úr atvinnlífi svæðisins, verkalýðsfélögum, sveitarstjórnnum og fleiri aðilum um uppbyggingu og eflingu símenntunar á svæðinu. Að lokum hefur verkefnastjóri einnig sótt endurmenntunarnámskeið með öðrum starfsmönnum FnS frá því hann tók til starfa.

Segja má að kynningarmál hafi verið einn stærsti þátturinn í starfi verkefnastjóra FnS og HfSu á miðsvæðinu. Lögð hefur verið mikil áhersla á að kynna starfsemi félaganna með eins markvissum hætti og mögulegt er fyrir íbúum á svæðinu. Þetta hefur verið gert í gegnum skrif á heimasíður sveitarfélaga, félaganna sjálfra, með auglýsingum í staðbundnum miðlum og í gegnum samfélagsmiðla. Einnig hefur verið lögð mikil vinna í að heimsækja fyrirtæki og stofnanir á svæðinu til þess að kynna starfsemi og þjónustu félaganna. Verkefnastjóri hefur líka boðið fjarnemum á svæðinu að heimsækja námsverin til þess að þeir geti kynnt sér þá aðstöðu sem stendur þeim til boða að nýta sér. Þann 7. október sl. flutti verkefnastjóri erindi á málþingi Byggðastofnunar um Sóknaráætlun Suðurlands og uppbyggingu símenntunar á miðsvæðinu.

Niðurgreiðsla námskeiða

Eins og fram hefur komið þá hafa námskeið verið haldin á miðsvæðinu í haust. Nokkur námskeið á vegum FnS hafa verið niðurgreidd af SASS í tengslum við Sóknaráætlun Suðurlands. Má þar nefna námskeið sem haldin hafa verið í Kötlusetri, Handmálun og Spaði og Tölvur I. Eftir á að koma í ljós hvort sótt verður um niðurgreiðslu vegna annarra námskeiða sem haldin hafa verið á svæðinu en í einhverjum tilvikum kann þátttakan að hafa verið það góð að ekki þarf að koma til niðurgreiðslu.

Af þessu má ljóst vera að námskeið á miðsvæðinu hafa verið niðurgreidd í samræmi við þennan þátt forsendna fyrir lokagreiðslu vegna verkefnisins.

Námskeið um notkun og kennslu í fjarfundarbúnaði

Í áfangaskýrslu frá 3.10.2013 kom fram að ekki lægi fyrir áætlun um námskeiðahald um notkun og kennslu í fjarfundarbúnaði og að námskeiðahald væri ekki farið af stað. Tafir urðu á þessum þætti verkefnisins vegna þeirra tafa sem urðu á því í upphafi sem og vegna þeirrar áherslu að ljúka framkvæmdum við aðstöðuna í Kötlusetri og Kirkjubæarstofu.

Staðan í þessum verkþætti verkefnisins í desember 2013 er sú að námskeið um notkun og kennslu í fjarfundarbúnaði hafa ekki verið haldin. Ástæður fyrir þessari stöðu eru þær sömu og tíundaðar voru í áfangaskýrslu, dags. 3.10.2013. Ekki hefur unnist tími til að koma á námskeiði um notkun og kennslu í fjarfundarbúnaði auk þess sem erfitt hefði verið að koma slíku námskeiði fyrir í skipulagi FnS og HfSu vegna þess hve Fjölheimar hafa verið þéttsetnir í haust. Undirbúningu að þessu námskeiði er þó í fullum gangi og stefnt að því að halda það á árinu 2014, hvort heldur á vorönn eða haustönn. Það fer eftir mati á því hvor önnin myndi henta starfsemi félaganna betur.

Lokaafurð – forsenda lokagreiðslu	Staða verkefnisins – desember 2013
1) Starfsemi framhaldsfræðslu til staðar í Vík og á Klaustri.	Starfsemi framhaldsfræðslu er komin af stað, bæði í Vík og á Klaustri. Starfsmaður hefur aðstöðu á báðum stöðum og námskeiðahald er komið í gang í Kötlusetri og Kirkjubæjarstofu.
2) Námskeið hafa verið niðurgreidd á miðsvæðinu.	Námskeið á FnS hafa verið niðurgreidd á haustönn á miðsvæðinu.
3) Námskeið hafa verið haldin um notkun og kennslu í fjarfundarbúnaði.	Námskeið um notkun og kennslu í fjarfundarbúnaði hefur ekki verið haldið en drög að áætlun liggja fyrir.

Kötlusetri, Vík í Mýrdal

19.12.2013

Árni Rúnar Þorvaldsson,
verkefnastjóri Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi og

Háskólafélags Suðurlands

Ásmundur Sverrir Pálsson,
framvæmdastjóri Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi

Sigurður Sigursveinsson,
framvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands